

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2011-2012 Flutt á aðalfundi félagsins 21. febrúar 2012 - 43. starfsár

Nýliðið starfsár hefur verið afar viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Ský á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, ásamt því að skila hagnaði af rekstri félagsins.

Þessi markmið náðust auk þess sem efla tókst faglegt starf félagsins á einstökum fagsviðum. Það er því alveg ljóst að félagið er áfram í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, gæði atburða eru góð og rekstrargrundvöllur félagsins er góður og stöðugur.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað milli ára og eru félagar nú **712** talsins. Rekja má fækkun félagsmanna síðustu ára eingöngu til uppsagna starfsmanna fyrirtækja því ekki er um það að ræða að fólk sé almennt að segja sig úr félaginu. Það er verkefni nýrrar stjórnar að kynna Ský og fjölga félögum enn meira á komandi starfsári. Í heild eru rúmlega **3 þúsund** manns á póstlista félagsins og fjölgar jafnt og þétt á honum í takt við aukna aðsókn á viðburði Ský.

Í stjórn Ský sátu árið 2011- 2012:

Sigrún Gunnarsdóttir, formaður
Ragnheiður M. Magnúsdóttir, varaformaður
Guðjón Karl Arnarson, gjaldkeri
Sigurður Friðrik Pétursson, ritari
Þórhildur Hansdóttir Jetzek, meðstjórnandi
Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi
Bjarni Sigurðsson, varamaður (og aðstoðargjaldkeri)
Magnús Hafliðason, varamaður

Stjórnin hélt **11** bókaða stjórnarfundi auk nokkurra vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir **27** atburðum á árinu, sem er mun meira framboð en undanfarið ár en þá voru þeir 16. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld en alls tóku um **1.700** manns þátt í atburðum félagsins á starfsárinu sem er aukning um **700** frá fyrra ári. Ekki er hér talið með fjöldi þeirra sem mættu á sýningu Utmessunna í HR.

Haldnar voru **6** ráðstefnur og **11** hádegisverðarfundir, **1** morgunverðarfundur ásamt **7** fundum sem tengdust faghópastarfi beint. Einnig var haldin **1** sýning á árinu og **1** örnámskeið. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðunni www.sky.is

UTMessan er viðburður sem var haldinn í fyrsta skipti á síðastliðnu ári og var sá viðburður haldinn í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Microsoft. Tilgangur Utmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var vel sóttur og viljum við eigna okkur hlut af því að fjölgun nemenda var í tölvunarfræði hjá báðum háskólunum haustið 2011.

UTmessan 2012 hefur þegar verið haldin og tókst hún vonum framar, mikill áhugi er hjá fyrirtækjum í UT geiranum að taka þátt og gera þetta að einum stærsta og glæsilegasta viðburði í UT á Íslandi. Því er ljóst að UTmessan er eitt af flaggskipum Ský og verður enn meiri metnaður lagður í UTmessuna 2013.

Tímaritið Tölvumál, vefurinn og Orðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom í nóvember mánuði.

Nýr ritstjóri, Ásrún Matthíasdóttir, tók við keflinu af Þorvarði Kára Ólafssyni. Ákveðið var að hefja vikulegu vefútgáfa á nýrri grein hvern fimmtudag vorið 2011. Var þessari viðbót vel tekið og er sannarlega góð viðbót og vill stjórnin færa ritstjórnin þakklæti fyrir starf þeirra.

Starf Orðanefndar hefur verið nokkuð blómlegt síðastliðið ár og er von á um 300 nýjum orðum í Tölvuroðasafnið á næstu mánuðum.

Faghópar

Á komandi starfsári ætlum við að fara í átak og fjölga aðilum í faghópum en eins og staðan er núna eru allmargir félagsmenn Ský ekki skráðir í faghópa en aðild að þeim er opin öllum félagsmönnum og geta þeir verið í eins mörgum faghópum og þeir vilja.

Starf annarra faghópa hefur verið nokkuð gott síðasta árið og hefur þeirri venju verið fylgt að hver faghópur sjái um amk. einn stærri viðburð á vegum Ský á ári.

Faghópar Ský eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Jóhanna Fjóla Jóhannesdóttir, félagar 66.
- Öldungadeild, formaður er Þorsteinn Hallgrímsson, félagar eru 36.
- UT-konur, formaður er Marta Kristín Lárusdóttir, félagar eru 64 .
- Fjarskiptahópur, formaður er Jón Ingi Einarsson, félagar eru 54.
- Öryggishópur, formaður er Hörður Helgi Helgason, félagar eru 56.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, formaður er Halla Björg Baldursdóttir, félagar eru 54.
- Faghópur um árangursríka vefstjórn, félagar eru 21. Þessi hópur hefur ekki verið virkur síðustu árin.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar eru 30. Ekki var valin sérstakur formaður hópsins á síðasta starfsári.

Gert er ráð fyrir að stofna að minnsta kosti einn nýjan faghóp á komandi ári, þ.e. faghóp kerfisstjóra og verið er að skoða grundvöll fyrir fleiri faghópum.

Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í fjarskiptaráði samgönguráðuneytisins (sem var lagt niður um síðustu áramót).

Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári. Ský er einnig aðili að International Federation of Information Processing (IFIP), alþjóðasamtökum skýrslutæknifélaga. Nokkrir félagsmenn Ský eru fulltrúar Ský í IFIP.

Vegna samdráttar voru ekki sóttir fundir erlendis á árinu en vonandi verður mögulegt að sækja fundi á komandi árum.

Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins 2011 var afkoman á árinu góð og skilar félagið 1,4 milljónum kr í hagnað en var í fyrra með hagnað uppá 2.075.774 kr. Reksturinn virðist vera komin í jafnvæi en ljóst er að nauðsynlegt er að halda áfram vel á spöðunum og halda uppi öflugum fræðslustarfi á árinu til að halda sama striki.

Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 43 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Engjateigi 9, þar sem starfar einn starfsmaður. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Eitt af verkefnum nýrrar stjórnar verður að skilgreina betur hvernig félagið fylgir heiðursfélögum Ský eftir og munum við kalla til gott fólk með okkur í það starf.

Framkvæmdastjóri félagsins á lof skilið fyrir það mikla starf sem hún hefur ynt af hendi á árinu. Þrátt fyrir erfitt rekstraumhverfi hefur starfsemi félagsins á árinu verið mjög öflugt og ber fjöldi viðburða í nafni félagsins gott vitni um það. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

Það lýtur út fyrir að nokkur endurnýjun verði í stjórn félagsins að þessu sinni. Þau Þórhildur Hansdóttir Jetzek og Bjarni Sigurðsson munu ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfi. Stjórn Ský vil nota tækifærið og þakka þeim sem nú hverfa úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Bjarni hefur starfað í stjórn félagsins í alls **4 ár**, þar lengst af haldið trausti haldi utan um budduna. Þórhildur er flutt til Danmerkur og hefur ákveðið að yfirgefa stjórnina eftir **2 ára** setu í stjórn Ský en hún mun halda áfram að vinna með stjórninni eins og tími gefst til. Hún hefur verið mjög virk í stjórn, hefur meðal annars skrifað mikið af greinum og verið mjög drífandi í undirbúningi ráðstefna sem félagið hefur staðið fyrir.

Einnig viljum þakka þeim Valgerði Gunnarsdóttur fyrrverandi formanni Fókus og Svavari Inga Hermannssyni fyrrverandi formanni Öryggishóps Ský fyrir þeirra framlag höfðu bæði verið formenn frá stofnun hópanna.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,

Sigrún Gunnarsdóttir, formaður.